

Hafnarfirði 24. september 2024

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Áfram heldur skólastarfið og er nú sjötta vikan á önninni runnin upp. Ég vona að öllum gangi vel í náminu og hvet jafnframt alla til að vera vakandi yfir helstu **skilum á verkefnum og hlutaprófum**. Þá minni ég einnig á mikilvægi þess að mæta vel í tíma og fylgjast vel með í INNU. Allt það sem fer fram í kennslustundum má til dæmis sjá í **námsáætlunum** áfanganna og undir flípanum **Heimavinna og markmið**.

Nokkur atriði sem ég vil minna á:

Stærðfræði- og raungreinaver, á þriðjudögum strax að lokinni kennslu í **H202** og í fundartíma á miðvikudögum sem **jafningjakennsla** í stofu **M309**. Endilega nýtið ykkur þennan stuðning í námi. Þá er **ritverið** opið fjóra daga vikunnar, sjá allar nánari upplýsingar [hér](#).

Nýnemadansleikur fer fram í vikunni, nánar tiltekið **fimmtudaginn 26. september í íþróttahúsinu á Strandgötu**. Húsið opnar kl. 21:45, miðinn kostar kr. 5.200 og er miðasala hafin á netinu. Við minnum á öflugra gæslu við dyrnar, líka inni á dansleiknum sjálfum og að **ölvun ógildir miðann**. Allir nemendur skólans eru hvattir til að taka þátt í **fyrirmyndarpotti – edrúpotti**, en það er **foreldraráðið** sem gefur vinningana og verður dregið úr pottinum í hádeginu daginn eftir. Kennsla fellur niður í **fyrsta tíma föstudaginn 27. september**.

Þá vil ég þakka afar góða þátttöku í **Flensborgarhlaupinu**. Hlaupið fór vel fram og við nokkuð góðar aðstæður þó rignt hafi á hlaupara nánast alla leiðina. Á **afmæli skólans** í næstu viku, þriðjudaginn 1. október, verður **Pieta samtökunum** afhentur allur ágóði hlaupsins, en hver einasta króna frá þátttakendum rennur til samtakanna enda allur kostnaður við hlaupið tryggður með góðri aðstoð frá Landsbankanum, KFC og Hafnarfjarðarbæ. Þá studdu fjölmörg fyrirtæki hlaupið með vinningum, þ.m.t. Altís, Fjarðarkaup, Muna heilsuvörur, Hress og fleiri. Enn og aftur, takk!

Með bestu kveðju,

Erla Ragnarsdóttir

Skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði

Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School

Iceland

Sími : 354 565 0400

www.flensborg.is

